

HELGIN

LAUGARDAGUR 29. DESEMBER 2018

Helgin



Kristófer Jensson rifjar upp gamla takta sem söngvari Lights on the Highway á Hard Rock um helgina. Sumarfríð með fjölskyldunni var hápunktur liðins árs en áramótaheit strengir hann ekki.

[helgin](#) ➔6



Á morgun, sunnudag, og gamlársgangur Listvinafélagið fyrir sínum sívinsælu áramótatónleikum sem nefnast Hátíðarhljómar við áramót. F.v. eru Björn Steinar Sólbergsson organisti og trompetleikararnir Baldvín Oddsson og Jóhann Nardeau sem koma fram á tónleikunum. Með þeim eru Inga Rós Ingólfssdóttir, verkefna- og framkvæmdastjóri félagsins, og Hörður Áskelsson, listrænn stjórnandi Listvinafélags Hallgrímskirkju. MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI

Fjölbreytt dagskrá á nýbyrjuðu starfsári

Listvinafélag Hallgrímskirkju hóf nýtt starfsár í byrjun desember og framundan er glæsileg dagskrá með fjölbreyttum viðburðum. Á morgun og gamlársgangur heldur félagið árlega áramótatónleika þar sem meðal annars tveir ungir íslenskir trompetleikarar koma fram sem báðir eru búsettir erlendis. ➔2

Doktor.is

- Fræðsla
- Ráðgjöf
- Forvarnir



Framhald af forsiðu →

Starfsemi Listvinafélags Hallgrímskirkju stendur með miklum blóma en nýtt starfsár hófst í byrjun desember. Félagið stendur fyrir um 60 fjölbreyttum viðburðum á ári að sögn Ingu Rósar Ingólfsdóttur, verkefna- og framkvæmdastjóra félagsins, en það hefur frá upphafi lagt áherslu á fjölbreytni og nýsköpun í kirkjulistum, sérstaklega í tónlist og myndlist.

Á morgun, sunnudag, og gamliársdag stendur Listvinafélagið fyrir sínum sívinsælu áramótatónleikum sem nefnast Hátiðarhljómar við áramót en þeir eru haldnir í 26. sinn nú í ár. „Að þessu sinni eru það trompetleikararnir Baldvin Oddsson, sem kemur frá New York, og Jóhann Nardeau, sem er búsettur í París, sem færa okkur hátiðarstemningu áramótanna í samleik við Klais-orgelid ásamt Birni Steinari Sólbergssyni organista. Þetta er í fyrsta sinn sem þeir leika saman á Hátiðarhljómonum við áramót en Baldvin lék þar í fyrsta sinn í fyrra,“ segir Inga Rós.

Glæsileg efnisskrá

Hún segir þá félagi bjóða upp á glæsilega efnisskrá með frægum og hátiðlegum verkum. „Þar má nefna til dæmis Eurovision-lagið eftir Charpentier og einnig verður frumflutt ný útsetning af Adagio eftir Albinoni sem Jóhann Nardeau gerði af þessu tilefni. Einnig leika þeir verk eftir Clarke, Francescini, Manfredini, Torelli og J.S. Bach.“

Inga Rós segir Jóhann Nardeau leika nú í fyrsta sinn á vegum Listvinafélags Hallgrímskirkju en hann er kominn af mikilli tónlistarfjölskyldu, sonur flautuleikarahjónanna Guðrúnar Sigríðar Birgisdóttur og Martial Nardeau. „Baldvin Oddsson hefur nokkrum sinnum komið fram með Klais-orgelinu og lék meðal annars á Hátiðarhljómonum við áramót í fyrra. Eins og Jóhann kemur hann úr þekktri tónlistarfjölskyldu en hann er sonur Odds Björnssonar básunuleikara. Bæði hafa þeir hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir trompetleik sinn og er Baldvin menntaður í Chicago og New York þar sem hann útskrifaðist 2016 frá Manhattan School of Music. Jóhann lærði hins vegar í París og starfar með ýmsum tónlistarhópum þar ásamt því að kenna trompetleik.“

Lika hugsað um börnin

Meðal fleiri viðburða á starfsárinu má nefna orgeltónleikaröðina Alþjóðlegt orgelsumar í Hallgrímskirkju 2019 með fernum tónleikum á viku þar sem fjöldi heimsfrægra konsertorganista leikur á tvennum tónleikum allar helgar í tvo mánuði yfir sumarið og íslenskir organistar halda hádegistónleika á fimmtudögum. „Kammerkór kirkjunnar, Schola cantorum, syngur einnig hádegistónleika á miðvikudögum frá júní til loka ágúst og njóta allir þessir tónleikar mikilla vinsælda. Listvinafélagið skipuleggur auk þess fjölda annarra viðburða yfir árið meðal annars í samstarfi við Mótettukórinn og Schola cantorum og tekur á móti tveimur erlendum gestakörum frá Bretlandi, barokksveit frá Árósum og erlendra söngstjórnun frá Litháen á þessu starfsári.“

Listvinafélagið hefur ávallt staðið fyrir ýmsum viðburðum fyrir börn og langar að efla þann þátt enn meira en á skírdag verður Söngvahátið barnanna haldin í Kirkjunni og þar koma um 100 börn af höfuðborgarsvæðinu fram með hljómsveit og syngja kirkjuleg lög úr ýmsum átta við undirleik hljómsveitar.“



Trompetleikararnir Baldvin Oddsson og Jóhann Nardeau æfa sig fyrir tónleikana ásamt Birni Steinari Sólbergssyni organista. MYND/SIGTRYGGUR ARI



Boðið verður upp á glæsilega efnisskrá með frægum og hátiðlegum verkum á morgun og gamliársdag. MYND/SIGTRYGGUR ARI



Listvinafélagið stendur fyrir fjölmörgum glæsilegum viðburðum og nýsköpun í listum. MYNDR/LISTVINAFÉLAGIÐ

Vinsælir viðburðir

Listvinafélagið er bakhjarl Kirkjulistahátíðar sem haldin verður í fimmtánda skipti dagana 1.-10. júní 2019 með fjölmörgum glæsilegum viðburðum og nýsköpun í listum en þar verður meðal annars stórvirkið Myst-

erium eftir Hafliða Hallgrímsson frumflutt, en það er samið fyrir tvo kóra, hljómsveit, fjóra einsöngvara og orgel. „Auk þess munu meðal annars myndlistarmaðurinn Finn-bogi Pétursson og listamaðurinn Guðmundur Vignir Karlsson sýna nýsköpun í listum en þar verður meðal annars stórvirkið Myst-

erium eftir Hafliða Hallgrímsson frumflutt, en það er samið fyrir tvo kóra, hljómsveit, fjóra einsöngvara og orgel. „Auk þess munu meðal annars myndlistarmaðurinn Finn-bogi Pétursson og listamaðurinn Guðmundur Vignir Karlsson sýna nýsköpun í listum en þar verður meðal annars stórvirkið Myst-

Listvinafélagið skipuleggur á Menningarnótt og nýtur mikilla vinsælda.

Allir velkomnir í hópinn

Félagar í Listvinafélagi Hallgrímskirkju eru á fimmtá hundruð og eru þeir mikilvægur grunnur að öflugum starfi félagsins. Aðalstyrktaraðili Listvinafélagsins er Hallgríms-söfnuður og einnig nýtur félagið styrkja frá Reykjavíkurborg og Tónlistarsjóði menntamálaráðuneytisins og fleirum auk framlags fjölda sjálfboðaliða sem vinna ómetanlegt starf, segir Inga Rós. „Allir eru velkomnir að bættast í hóp listvina óháð búsetu og veitir höfleg argjald helmingsslátt af miðaverði á tónleika félagsins auk þess sem allir orgeltónleikar eru ókeypis fyrir listvini.“

Sjá nánar heimasíðu Listvinafélagsins, listvinafelag.is, þar sem einnig er hægt að skrá sig í félagið.

DRDENIM®

RÝMINGARSALA

VERSLUN LOKAR UM ÁRAMÓT

BUXUR	4.000 kr.
KJÓLAR	3.000 kr.
BOLIR	2.000 kr.
SKYRTUR ...	4.000 kr.
JAKKAR	7.000 kr.
SKÓR	7.000 kr.
PEYSUR	3.000 kr.
SOKKAR	500 kr.

STENDUR YFIR ÚT SUNNUDAGINN 30.12.

OPNUNARTÍMAR:

LAUGARDAGURINN 29.12. - 11-18

SUNNUDAGURINN 30.12. - 12-18

**DR. DENIM - LAUGAVEGI 7
101 REYKJAVÍK**



Leyndarmálið opinberað

Silki er dularfullt efni sem hrifið hefur mannkynið frá alda öðli. Klassísk fegurð þess er ekta og óháð tíma, og nú er hægt að yfirfæra fegurð silkis á húðina; fegurð sem sumir segja að taki fram fegurð eðalsteina.

SENSAI opinberar leyndarmál silkisins og gengur á undan inn í nýja öld heilbrigðrar og skínandi húðar.

Ferskleiki og hugarró – leyndardómur náttúrulega fállegar húðar

Heilbrigð húð hefur innbyggðan varnarvegg til að koma í veg fyrir rakatap sem annars yrði í gegnum yfirborð hennar. Til að viðhalda fállegri húð skiptir mestu máli að veita raka til hennar og auka rakaheldni hennar. Þegar fólk eldist minnkar eðlilegt rakainnihald húðar vegna þess að rakaheldni hennar minnkar. Húðin verður viðkvæmari fyrir köldu veðri, þurrki, útfjólubláum geislum og öðrum neikvæðum áhrifum sem dekkja hana og gera hana hrjúfari.



SENSAI Highlighting Concealer og nýr Total finish farði innihalda Koishimaru-silki sem getur gefið allt að sjö sinnum meiri raka en nokkur annar rakagjafi úr náttúrunni.

SENSAI púðurfarðann þarf vart að kynna, hann hefur fylgt okkur í áráraðir. SENSAL var fyrsta snyrtivörumerkið í heiminum til þess að framleiða farða þar sem kremfarði og púður koma saman í einni órjúfanlegri heild. Púðurfarðinn

hentar hvort sem er, notaður einn og sér eða yfir fljótandi farða og til að fríska sig yfir daginn. Farðinn sameinar kosti fljótandi farða og púðurs, þekur húðina auðveldlega en samt vandlega þannig að húðin fær ljálausa, silkikennða áferð sem varir lengi.

Farðinn veitir húðinni vernd yfir daginn, gefur henni raka og lyálausa áferð. Glæsilegt yfirbragð á augabragði.



Púðurnir með aminosýrum

Nýja púðrið inniheldur púðurnir sem hafa verið húðaðar með aminosýrum sem gerir það að verkum að púðurnir verða kremaðar en vernda jafnframt gegn svita og raka svo húðin verður einstaklega náttúruleg. Hin

Þegar fólk eldist minnkar eðlilegt rakainnihald húðar og hún verður viðkvæmari fyrir köldu veðri, þurrki, útfjólubláum geislum og öðrum neikvæðum áhrifum sem dekkja hana og gera hana hrjúfari.

einstaka formúla veitir silkimjúka og fállega áferð sem varir lengi. Dósin er seld sér og fylgir henni svampur en fyllingar í dósinu eru svo seldar sér og er farðinn til í átta litum.

Highlighting Concealer

SENSAI kynnir algjörlega byltingarkenndan hyljara sem hylur lýti, eykur ljóma og raka. Hyljarinn er sérstaklega hannaður til að nota undir augun þar sem áferðin er bæði létt en kremuð og hann sest ekki í línur. Með sérstöku innihaldsefni, Koishimaru silk EX og náttúrulegum olíum; möndlu-, jójoba- og olífuolíu. Þetta einstaka innihaldsefni, Silky Botanical EX, endurheimtir raka og heldur honum inni og gefur sléttara útlit. Byltingarkennd nýjung frá SENSAL sem fæst í fjórum litum.

Glowing Base

Grunnur undir farða, með perlukenndum lit, leiðréttr húðlit og veitir hraustlegan ljóma. Glowing Base veitir raka og viðheldur fersku útliti. Glowing Base hentar einstaklega vel undir Total Finish púðurfarðinn.

SENSAI

HIGHLIGHTING CONCEALER

www.sensai-cosmetics.com

Með Silky Botanical EX



Hylur lýti.
Eykur ljóma.
Bindur inni raka.



Kristófer Jensson syngur með hljómsveitinni Lights on the Highway í kvöld og annað kvöld á Hard Rock. Sveitin hefur ekki komið saman í þrjú ár og Kristófer hlakkar mikið til. MYND/ERNIR

Full hreinskilinn á köflum

Kristófer Jensson rifjar upp gamla takta sem söngvari Lights on the Highway á Hard Rock um helgina. Sumarfríð með fjölskyldunni var hápunktur ársins en áramótaheit strengir hann ekki.

Sólveig
Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Þrjú ár eru síðan Lights on the Highway kom saman síðast en sveitin átti farsælan sprett í íslensku tónlistarlífi frá 2003 til 2012. Sveitin gaf út tvær breiðskífur á tímabilinu, seinni platan, Amanita Muscaria, var tilnefnd sem plata ársins á Íslensku tónlistarverðlauninum 2009. Söngvari sveitarinnar, Kristófer Jensson, svarar hér nokkrum lafleittum spurningum.

Fjölskylda?

Konan mín er Guðlaug Arnþrúður Guðmundsdóttir, Adda, og börnin mín eru Kristel Eva, 11 ára, og Katla Maren, 3 ára.

Hljómsveitir sem þú hefur verið í?

Cyclone, Carpet, Thin Jim and the Castaways, Lights on the Highway.

Áttu þér gælunafn?

Oftast kallaður Kristó.

Hvert er áramótaheitið fyrir 2019?

Ég hef aldrei gefið út einhver sérstök áramótaheit, en ætla maður ekki alltaf að reyna að vera betri útgáfa af sjálfum sér á nýju ári?

Besta augnablik síðasta árs?

Sumarfríð með fjölskyldunni. Kæraasta æskuminningin? Heyskapur í sveitinni minni að Eiði í Kolgráfarfirði.

Neyðarlegasta atvikið?

Þegar ég hrundi í gólfíð fyrir framan fullan stræti af fólki í Brighton á Englandi. Stóð upp til að hringja bjöllunni og var búinn að gleyma að það voru „pull up“ sæti í vagninum. Þegar ég ætlaði að setjast aftur var sætið farið. Það sprangu allir úr hlátri í vagninum, enda mjög fyndið atvik.

Heitur pottur eða gufubað?

Heitur pottur, svo gufubað.

Klukkan hvað ferðu að sofa á kvöldin?

Í kring um miðnætti. Hvenær vaknar þú á morgnana? Korter í sjó.

Áttu bíl?

Nei, en konan mín á tvo.

Ástin er...

...eins og sinueldur, ástin er segulstál.

Biðmyndin sem þú getur horft á aftur og aftur?

Requiem for a Dream.

Þinn helsti löstur?

Ég er full hreinskilinn á köflum.

Þinn besti kostur?

Að ég er full hreinskilinn á köflum.

Áttu þér leikaratvifara?

Einhverjir hafa sagt Mads Mikkel

elsen sem ég reyndar skil ekki.

Áttu gæludýr?

Nei.

Draumahelgin?

Rólegheit heima hjá mér með fjölskyldunni.

Næst á dagskrá?

Tvönnir tónleikar á Hard Rock

Reykjavík með Lights on the Highway 29. og 30. desember. Það eru þrjú ár frá því að við komum saman síðast þannig að það er mikil tilhlökkun hjá okkur. Uppselt er á fyrri tónleikana en einhverjir miðar eftir á seinni á tix.is.

Svo bara áramót með öllu tilheyrandi.

BÍLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Mest lesna bílablað landsins kemur næst út þriðjudaginn 8. janúar næstkomandi.

Ritstjóri blaðsins er Finnur Thorlacius sem er bílaáhugamaður af lífi og sál.

Umsjón auglýsinga:

Atli Bergmann · atli@frettabladid.is · sími 512 5457



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin allra virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



PARFTU AD KAUPA EDA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bílauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bílauppbod.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Bílaþjónusta



VIÐ VÖKUM MEÐ ÞÉR!

KRANABÍLAÞJÓNUSTA
ALLAN SÓLAHRINGINN



Sími: 567 6700 | vakahf.is

Þjónusta

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki o.fl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

BÓKHALD OG RÁÐGJÖF

Tek að mér öll bókhaldstengd verkefni. Endilega hafið samband í S: 779-8800 fyrir verðtilboð

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðaflýta. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald



- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftfræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

FLÍSLAGNIR - MÜRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994



GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Keypt & Selt

Til sölu



Kassagítarar í úrvall Cítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is



Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SERFRÆÐINGAR í SJÁVARFANGI WWW.HUMARSALAN.IS S. 867 6677

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Skólar & Námskeið

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökpróf og aksturmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Heimilið

Barnavörur



VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hliðsmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNÚHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bíl með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Þjónusta



Vörubílastöðin Silfri ehf hefur 9 trucka, þar af einn ADR bíl og einn 4 öxla vörubíl og kranabíl.

Grunnar, malarkeyrsla, flatvagnar o.fl.

Góða þjónusta - vönduð vinna þaulvanir menn - Ávallt gott verð.

Silfri ehf | S. 894 9690 | silfriehf.is

Náðu meiri árangri í samningaviðræðum
Námskeið í samningatækni

HAGVANGUR
hagvangur.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Verið hjartanlega velkomin.

Tím pantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Geymsluskúrar / gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og búrústál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl.; reisum@sinnet.is eða s. 899 0913 Friða, www.reisum.is

Bilvogur eh/f

Bifreiðaverkstæði
Auðbrekka 17
200 Kópavogi

Láttu okkur gera bílinn kláran í vetraraksturinn.

Yfir 30 ára reynsla í öllum almennum bílaviðgerðum og smurþjónustu.

Sími 564 1180 • bilvogurmot@sinnet.is • www.bilvogur.is

Við sérhæfum okkur við heimilisþrif, húsfélög og fyrirtækjaþrif.

Hægt að panta tíma á hofdabon.is

Höfðabón ehf
Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6830 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

Íshúsið
S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

Skemmtanir



CATALINA

CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR

Best geymda leyndarmál Kópavogs

Gullnáman

BOLTINN Í BEINNI

LEIKIR HELGARINNAR

LAUGARDAGUR
15:00 Brighton - Everton
17:30 Liverpool - Arsenal

SUNNUDAGUR
14:15 Southampton - Man.City.
16:30 Man.Utd. - Bournemouth

Boltatíllboð

LIFANDI TÓNLIST



SMELLUR

Spilar fyrir dansi

FÖSTUDAG & LAUGARDAG
FRÁ KL. 00.00 - 03.00

HAPPY HOUR VIRKA DAGA FRÁ 16-19

FRÁBÆR HEIMILISMATUR Í HÁDEGINU

SÍMI 554 2166
HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR

WWW.CATALINA.IS



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarpjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikabætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatíð OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



Þú ert ráðin/n!

Uppáhaldssetningin okkar hjá FAST ráðningum

www.fastradningar.is

FAST
Ráðningar